

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1047*  
*komudagur 13.2.2014*

Selfossi, 13. febrúar 2014  
1312001SA ÞH

## Allsherjar- og samgöngunefnd Alþingis

### Efni: Minnisblað vegna frumvarpa um umdæmi sýslumanna og lögreglustjóra

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á eftirfarandi atriði vegna frumvarpanna:

1. Samtökin gera ekki athugasemdir við fækkun embættanna en vekur þó athygli á kröfum Bæjarstjórnar Vestmannaeyja varðandi embætti lögreglustjóra í Vestmannaeyjum en þar er áhersla lögð á landfræðilega sérstöðu byggðarlagsins sem kalli á sérlausn.
2. Samtökin leggja hins vegar höfuðáherslu á við þessa kerfisbreytingu að þjónusta sýslumanna og lögreglustjóra batni frá því sem nú er og á það ekki síst við um löggæsluna, þrátt fyrir fyrirhugaða fjölgun lögreglumanna. Samtökin benda í því samhengi á að ekki er nægilegt tillit tekið til stærðar svæðisins, mikils fjölda frístundahúsa og mikils og sívaxandi fjölda ferðamanna. Jafnframt skiptir verulegu máli að áfram verði starfsstöðvar/útibú þessara embætta á þeim stöðum þar sem embætti sýslumanna/lögreglustjóra verða lögð niður. Á þessu er ekki tekið í frumvörpum heldur falið ráðherra að ákveða með reglugerð. Í athugasemdum kemur fram að skrifstofur/starfsstöðvar verði fleiri en ein í hverju umdæmi ef þörf krefur en samtökin leggja áherslu að engar af núverandi starfsstöðvum verði lagðar niður.
3. Í báðum frumvörpunum er gert ráð fyrir að umdæmamörk verði sett af hálfu ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samtökin leggja áherslu á að mörkin verði sett í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga sem þekkja að öllum jafnaði betur til aðstæðna. Heppilegast væri að mati Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga að umdæmamörkin væru í samræmi við starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga. Það myndi auðvelda allt samráð en samtökin eru einmitt samráðsvettvangur sveitarfélaga á viðkomandi svæði sem einnig væri hægt að virkja til samráðs við þjónustustofnanir ríkisins. Þá er vert að benda á heilbrigðisumdæmin hafa sömu mörk og ýmis verkefni sveitarfélaga s.s. sóknaráætlanir (stefnumótandi



landshlutaáætlanir) og almenningssamgöngur. Þá liggur fyrir að Hagstofan mun miða við þessi mörk í vinnslu og framsetningu gagna í framtíðinni. Æskilegt væri að mati SASS að þjónusta ríkisins væri sem mest samhæfð á landshlutagrunni með það að markmiði að bæta þjónustuna.

4. Í 4. grein frumvarps um framkvæmdarvald og stjórnsýslu í héraði er kveðið á um að ráðherra geti falið sýslumönnum sérverkefni sem heyra undir ráðuneytið og jafnframt að sýslumenn geti annast framkvæmd verkefna fyrir aðrar ríkisstofnanir. SASS styður þessar tillögur eindregið og hvetur til þess að samhliða afgreiðslu þessa frumvarps verði sett af stað markviss vinna af hálfu stjórnvalda til að virkja þetta ákvæði og setja upp fjölþættar þjónustugáttir/„one stop shops“ ríkisins á starfsstöðvum sýslumannsembættanna. Ríkisstarfsmönnum hefur fækkað jafnt og þétt á landsbyggðinni á undanförunum árum á sama tíma og þeim hefur fjölgað í Reykjavík þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um hið gagnstæða. Með þessu lagaákvæði gefst gott tækifæri til að snúa þróuninni við.
5. Samkvæmt lögum eru sýslumenn formenn almannavarnanefnda á viðkomandi starfssvæði. Eðlilegt verður að telja að það hlutverk færist yfir til lögreglustjóra við fyrirhugaðar breytingar.